

Stjórnarfundur Almannaþingarinnar

2. haldinn í fundarsal Gb 5 Húsavík miðvikudaginn 03. október 2018 kl. 10:00

Mætt voru til fundar: Kristján Þór Magnússon, Dagbjört Jónsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson,

Einnig sátu fundinn : Kristján Kristjánsson, Grímur Kárason, Bjarni Höskuldsson,

Fjarverandi: Halla Bergþóra Björnsdóttir, Aðalsteinn Halldórsson, Elías Pétursson, Sigurður Þ Guðmundsson, Þórarinn Þórisson, Reinhard Reynisson.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2019
2. Starf nefndarinnar
3. Önnur mál

Afgreiðslur og umræður á fundi:

Varaformaður setti fund í fjarveru formanns bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

1. Fjárhagsáætlun nefndarinnar fyrir árið 2019

Áætlunin var kynnt nefndarmönnum, áætlunin hafði verið send um miðjan september á Héraðsnefnd til afgreiðslu

2. Starf nefndarinnar á árinu.

KK og GK gerðu grein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið á árinu ásamt því sem framundan er.

- Sjóslýsaáætlun var öll endurskoðuð og gefin út ný útgáfa hennar.
- Jarðskjálftaáætlun fyrir svæðið hefur verið uppfærð og endurútgefin
- Flugslysaáætlun fyrir Húsavíkurlugvöll var uppfærð fyrir æfinguna 12. maí. Áætlunin reyndist vel og var því endurútgefin eins og hún var eftir uppfærslu.
- Aðstaða í AST var endurskipulögð og reyndist vel í æfingu sem haldin var eftir breytingar.
- Ákveðið hefur verið að koma á föstum fundum stjórnneinga (AST) frá og með komandi hausti til að viðhalda þekkingu þeirra aðila sem þar starfa í almannavarnaástandi.
- Fyrirhuguð er skrifborðsæfing á sjóslýsaáætlun fyrir Skjálfaflóa í vor.
- Rætt um að fulltrúar almannaþingarnefndar komi inn á fyrirhugaðan íbúafund Öxarfirði í janúar og ræði rýmingar á svæðinu komi til atburðar. Stefnt skal að því að halda sambærilegan fund í Bárðardal og Kinn.

3. Önnur mál.

Undir liðnum var aðeins rætt um gerð viðbragðsáætlunar vegna gróðurelda. Óskað hafði verið eftir því við AVD ríkislögreglustjóra fyrir í vetur að koma með nefndinni að gerð slíkrar áætlunar en sökum anna og mannskapsleysis hefur deildin ekki getað sinnt verkefninu. Málið verður tekið upp við AVD á næstu vikum og því komið í farveg. Vakin var athygli á því að búið er að gefa út skýrslu um gróðurelda og viðbrögð við þeim. Skýrslan er aðgengileg á www.grodureldar.is í henni má finna m.a. annars kort yfir skóga, landupplýsingagögn og fl.,

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:10